| Sendandi | athugsemd/umsögn | viðbrögð |
|---|---|---|
| HES | Gerir ekki athugasemd | |
| UST | Umhverfisstofnun telur að fjalla þarf nánar um hvaða starfsemi á að vera á reit 2, en reiturinner skilgreindur sem nýbyggingar og stoðþjónusta. Auk þess þarf að fjalla nánar um í greinargerð og á uppdrætti um fráveitumál frá reit 2.Í greinargerð segir: „Þynningarsvæði við útrás frárennslis er sjórinn. Starfsleyfi gefin út af Umhverfisstofnun skilgreinir mörk mengunar og þynningarsvæðis…“ Umhverfisstofnun bendir á að ekkert þynningarsvæði er skilgreint í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og einnig bendir stofnunin á að Umhverfisstofnun setur mörk losunar í starfsleyfi | Bæta þarf gögn |
| Hafró | Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi en stofnuninvill benda á mikilvægi þess að gengið sé frá frárennsli þannig að fiskar geti ekki sloppið frá stöðunniog notuð sé tromlusía á frárennsli. Áhrif frárennslis á vatnsgæði og lífríki sé vaktað og álag á innanþeirra marka sem gert er ráð fyrir í reglugerðum og lögum, þar með talið lögum um stjórn vatnamála. | Bæta þarf gögn |
| Vegagerðin | Mörk deiliskipulags skal ekki ná nær þjóðvegi en veghelgunarsvæði. Rétt er að setja mörkutan um tengingu að þjóðvegi. Vakin er athygli á að á uppdrátt vantar skýringarmynd/yfirlitsmynd af svæðinu. | Bæta þarf gögn |

| | | |
|---|---|---|
| Veðurstofan | Fyrirliggjandi skipulagsgögn eru ófullnægjandi til þess að leggja mat á það hvort eða hvenærsjávarstöðubreytingar valda því að hætta verði á að óveðursflóð nái að skipulagsreit við Nesveg 50. Til þessvantar gott afstöðukort með hæðarlínum, sem ekki er lagt fram í gögnum málsins, en auk þess að valda meiri hættu á sjávarflóðum getur hækkandi sjávarstaða valdið vandræðum fyrir fráveitu fyrir það landeldi sem skipulagt er á reitnum. Án almennilegra gagna er ekki hægt leggja mat á skipulagstillöguna. | Bæta þarf gögn |
| Náttúrufræðistofnun íslands | Gerir ekki athugsemd | |
| | | |